

byrjað hafði talið. „Einmitt þegar maðurinn áleit að hann væri óhultur, þá var hann tekinn fastur. Þér verðið að jata, að það var fimlega gert“.

„Ó, já, það var all-fimlega gert á sinn hátt, en það kom engin sérleg list fram í sambandi við það“, sagði sá er síðar hafði tekið til máls. „Ég vil ekki segja, að það væri leynilögreglumanninum að kenna. Það var ekkert tækifæri til að sýna neina list“. Samt sem áður hafði Mr. Barnes einmitt sagt við sjálfan sig, að það hefði verið list í því hvernig hann hafði farið að í þessu máli. Maðurinn í rúminu hélt áfram og sagði: „Það kom engin list fram í glæpnum sjálfum. Pettingill gerði klaufastryk, Barnes var nógu kenn til að taka eftir hvar honum hafði yfir sést, og sökum reynslu hans og fimleika í þannig löguðum málum, hlaut endirinn að verða sá, sem hann varð“.

„Mér virðist, að annaðhvort hafið þér ekki lesið alla sögu málsins, eða, að öðrum kosti, að þér kunnið ekki að meta verk leynilögreglumannsins“, sagði hinn. „Allur leiðarvisirinn, sem hann hafði til að byrja með, var hnappur“.

„Já, einungis hnappur—en hvíllkur hnappur var það ekki!“ sagði sá er síðar hafði tekið til máls. Það er ástæðan fyrir að ég segi, að glæpamaðurinn hafi verið klaufi. Hann hefði ekki átt að týna hnappnum“.

„Ég býst við að það hafi verið slys, sem hann ekki gat gert að“, sagði sá er byrjað hafði samtalið. „Það var eitt af vandræðunum, sem samfara voru glæp hans“.